

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1672
komudagur 27.4.131/1672

Akureyri 20. apríl 2005


Menntamálanefnd Alþingis
b/t Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla, Þskj. 240 – 234. mál:

Undirrituðum hefur, f.h. Félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri borist ofangreind þingályktunartillaga um staðbundna fjölmiðla. Sérstök ástæða er til að taka undir það sem í þessari þingsályktun kemur fram. Þær takmörkuðu rannsóknir sem gerðar hafa verið á staðbundnum fjölmiðlum benda til þess að þörf sé á aðgerðum til að tryggja nauðsynlega fjölbreytni í fjölmiðlaflórunni – ekki einungis varðandi hágróðurinn (landsdekkandi miðla) en þó ekki síður hvað varðar lággróðurinn (staðbundna miðla). Þannig er eftirfarandi meðal niðurstaðna úr athugun undirritaðs sem birtist í bókarkorninu “*Miðjan er undir iljum þínum – héraðsfréttablöð og nærffjölmiðlun á nýrri öld*”:

- Eftirspurn eftir nærfréttum er meiri en framboð.
- Staðbundnir miðlar mikilvæg uppspretta fréttanna fyrir landsmiðla og efla innviði nærsamfélagsins.
- Framboð takmarkast m.a. af litlu rekstrarlegu svigrúmi staðbundinna miðla.

Þingályktun þessi er því mjög tímabær og æskilegt að slík stefna sem þar kemur fram verði samþykkt.


Birgir Guðmundsson, lektor
Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri
Sólborg, Akureyri